

Mál nr. 22/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging sjómanna.****Nafn váttryggingartaka (X)****Gildissvið váttryggingarskilmála.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 24. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 17. október 2018, var lögregla kölluð á vettvang við beitingarskúr í Snæfellsbæ hinn 24. janúar 2018, en þá hafði M fallið niður um hleraop á efri hæð skúrsins, er hlerinn sem var fyrir opinu gaf sig, og slasast nokkuð. Samkvæmt málskoti var M að störfum í beitingarskúrnum en hann hafi verið að undirbúa veiðiferð á fiskiskipinu Signýju HU-13, Y, þar sem hann hafi verið lögskráður skipverji. Beitingarskúrin og skipið hafi verið í eigu útgerðarfélagssins X, og umrædd veiðiferð á þess vegum. Á grundvelli þessa hafi M gert kröfu um bætur úr slysáttryggingu sjómanna, en V hafi, með bréfi dags. 3. nóvember 2021, hafnað kröfu hans, annars vegar á grundvelli þess að annar aðili en X hefði gert skipið út umrætt sinn og hins vegar á grundvelli þess að krafa M væri of seint fram komin. M mótmælir þeim málalíbúnaði, bæði séu hugsanlegar tafir á meðförum málsins ekki á hans ábyrgð og eins hafi hann ekki fengið upplýsingar um raunverulegt tjón sitt fyrr en hann fékk í hendur læknisvottorð dags. 16. júní 2020. Þá hafi M verið lögskráður skipverji á skipi í eigu X og hafi slasast við störf sem voru í beinum tengslum við rekstur skipsins. Aðbúnaði í skúrnum, sem hafi verið á ábyrgð X, hafi þá væntanlega verið ábótavant. Útgerðum fiskiskipa sé skylt að kaupa tryggingu vegna dánar- og slysabóta og sé það ein grundvallarforsenda þess að skipverjar sinni störfum sínum. Verði M því ekki gert að þola það að trygging verði ekki talin vera fyrir hendi.

Í bréfi V kemur fram að af fyrirbyggjandi gögnum verði ekki ráðið að M hafi á tjónsdegi verið starfsmaður X. Ekki sé því hægt að skilgreina M sem váttryggðan samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. Svo virðist þá sem fyrirtækið Z hafi verið með Y á leigu og X hafi því ekki gert skipið út á slysdegi. Engin frekari gögn liggi hins vegar fyrir er sýni fram á slíkt fyrirkomulag. Þá sé ekki sýnt fram á að M hafi verið starfsmaður Z, enda liggi hvorki fyrir launaseðlar hans né ráðningarsamningur. Þá hafi M, þrátt fyrir áskoranir, ekki lagt fram skattframtal vegna tekna ársins 2018. Því sé ósannað að M hafi verið launþegi á slysdegi eða hafi með öðrum hætti starfað í tengslum við rekstur skipsins. Þá telur V að krafa M sé of seint fram komin, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, en þar segi að váttryggður glati rétti til bóta sé krafa ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Hafi M leitað til læknis hinn 26. ágúst 2019 og verði að miða við að hann hafi, í síðasta lagi þann dag, haft vitneskju um þau atvik sem krafa hans var reist á. M hafi hins vegar ekki beint kröfu sinni að V fyrr en í febrúar 2021, eða einu og hálfu ári síðar.

Álit.

Gr. 2.2 í viðeigandi váttryggingarskilmálum er svohljóðandi: *Váttryggðir eru þeir sem ráðnir eru í skipsrúm hjá váttryggingartaka á skipi því sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og slysið hefur borið að höndum er viðkomandi var staddur á skipinu eða vann í beinum tengslum við rekstur þess.* Meðal þess sem aðila greinir á um er hvort M sé váttryggður samkvæmt þessu ákvæði. Af fyrirbyggjandi váttryggingarskírteini vegna tímabilsins 1. janúar til 31. desember 2018 er ljóst að X er váttryggingartaki, og nær váttryggingin til tveggja skipverja á Y. Þá liggur fyrir tölvupóstur frá Samgöngustofu, dags. 29. janúar 2021, þar sem fram kemur að M hafi verið lögskráður á Y á tímabilinu 24. janúar til 7. maí 2018, og aftur á tímabilinu 29. maí til 31. maí sama ár. Þá verður að telja að sá hluti undirbúnings veiðiferðar sem fer fram í beitingarskúr sé í beinum tengslum við rekstur skips. Þrátt fyrir allt framangreint er ekki ljóst hvort M hafi verið ráðinn í „skipsrúm hjá váttryggingartaka“, sbr. og 1. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 en þar segir m.a. að útgerðarmaður beri ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys

Þorið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur þess. Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá forsvarsmanni X til V, dags. 4. febrúar 2021, þar sem fram kemur að M hafi verið í vinnu hjá Z en ekki á launaskrá hjá X. Þá er fyrirliggjandi tölvupóstur, dags. 28. janúar 2021, frá Þ, sem segist hafa verið lögskráður skipstjóri á Y, en M hafi verið háseti. Y og beitingarskúrin hafi verið í eigu X. Ekkert kemur þó fram í bréfinu varðandi það í þágu hvers Þ og M störfuðu umrætt sinn, þ.e. hver gerði Y út og sá um ráðningu í skipsrúm. M hefur ekki lagt fram gögn er sýni fram á ráðningarsamband hans við X eða Z, og ekki liggur fyrir skattframtal vegna tekna hans árið 2018. Fyrirliggjandi eru þó reikningar sem virðast stafa frá M til Z vegna „útseldrar þjónustu“ en þeir reikningar eru ódagsettir og gefa ekkert frekar til kynna um hvers kyns samband hafi verið milli M og Z, en fyrir liggur þó að í skattframtali vegna tekna ársins 2017 gerði M grein fyrir öðrum tekjum í formi reiknaðs endurgjalds vegna eigin reksturs. Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi staðgreiðslufirliti Skattsins að M hafi á árinu 2018 þegið laun frá X eða Z. Verður því ekki talið sýnt fram á að M hafi á slysdagi verið ráðinn í skipsrúm hjá X og þar með verið váttryggður samkvæmt gr. 2.2 í viðeigandi váttryggingarskilmálum. Verður M að bera hallann af þeim vafa sem uppi er hvað það varðar og koma önnur atriði ágreinings aðila þá ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

Má ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna X hjá V.

Reykjavík, 22. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson